VSÓ RÁÐGJÖF

STOFNAÐ 1958



Þríhnúkagígur Deiliskipulagslýsing Viðbrögð við umsögnum og athugasemdum

Drög
Desember



www.vso.is

Borgartún 20
105 Reykjavík

585 9000
vso@vso.is

Skjal sótt af '000000000' dags: 11.11.2026

Efnisyfirlit

Inngangur 2

1	Jón Viðar Sigurðsson	3
2	Vegagerðin	5
3	Orkuveita Reykjavíkur	5
4	Minjastofnun Íslands	8
5	Náttúrufræðistofa Kópavogs	9
6	Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur	11
7	Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur	11
8	Forsætisráðuneytið	12
9	Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis	12
10	Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborg	12
11	Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar	12
12	Umhverfisstofnun	13
13	Heilbrigðiseftirlit Hafnafjarðar- og Kópavogssvæðis	14
14	Skipulagsstofnun	14
15	Skipulagsstjóri Garðabæjar	14
16	Sigurður Sveinn Jónsson	14
17	Samtök sveitarfálaga á höfuðborgarsvæðinu	16
18	Hafnafjörður, Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu.	16
19	Björn Guðmundsson	17

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

- Hafnafjörður, Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu
- Björn Guðmundsson

1 Jón Viðar Sigurðsson

	UMSAGNIR OG ATHUGASEMDIR:	*VIÐBRÖGÐ:*
1.1	Mótmælir þeirri áherslu að verkefnið sé sprottið úr hugmyndum um náttúruvernd. Segir það rangt og að hugmyndin snúist „raun um að veita einkafyrirtæki leyfi til að eigna sér eitt merkasta náttúrufyrirbæri landsins og valda á því óafturkræfum skemmdum í þeim tilgangi að reka arðbært einkafyrirtæki. Af framkvæmdinni hljótast óafturkræf umhverfisspjöll. Í athugasemd er vísað í athugasemd Hellarannsóknarfélags Íslands frá 21. september 2012 um að félagið sé á móti framkvæmdum þar sem Þríhnúkagígur er einstakt jarðfræðifyrirbæri á heimsvísu og að göngin sem séu boruð séu óafturkræf og sé alls ekki hægt að réttlæta sem verndunaraðgerð.	Í öllum undirbúningi á opnum aðgengis að Þríhnúkagíg hefur verið gerð grein fyrir þeirri hugmyndafræði sem býr að baki. Byggir hún m.a. á sýn Árna B. Stefánssonar. Jafnframt var í mati á umhverfisáhrifum leitað álits þriggja sérfræðinga á sviði hellarannsókna. Niðurstaða þeirra er að besta leiðin til að vernda Þríhnúkagíg sem fyrirbæri á heimsmælikvarða sé að stýra strax aðgengi að honum. Þeir benda hins vegar á að gera þurfi slíkt með mikilli aðgát og reglubundinni vöktun. Öllum framkvæmdum fylgja rask og neikvæð umhverfisáhrif. Því hefur verið vandað til verks og skipulagslýsingin nefnir valkosti sem verða til skoðunar í deiliskipulaginu m.a. til að athuga leiðir sem geti dregið úr umhverfisáhrifum og raski, ásamt því að með opnun gígsins felst sú ábyrgð að stýra umferð um svæðið. Byggt á fyrirliggjandi gögnum telur Kópavogsbær að unnt sé að gera þetta einstaka náttúrufyrirbrigði aðgengilegt öllum, en um leið að vernda gíginn og umhverfi hans. Kópavogsbær mun vanda til verka við skipulagsvinnu og eins og bent er á er skipulagssvæðið innan fólkvangs, er innan þjóðlendu og það nýtur verndar náttúruverndarlaga. Áður en unnt verður að taka endanlega ákvörðun um framkvæmdir þurfa að liggja fyrir leyfi fjölmargra aðila s.s. Umhverfisstofnunar, framkvæmdastjórnar vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins og nýtingarleyfi í þjóðlendu.
1.2	Gígurinn er innan vatnsverndarsvæðis. Vísar í umsögn Orkuveitu Reykjavíkur frá 28. ágúst 2011. Ökuleiðir að gígnum sem gert er ráð fyrir að 2.700 manns fari um daglega liggur einnig á vatnsverndarsvæði og þetta veldur mengunarhættu.	Sjá viðbrögð við athugasemd Orkuveitu Reykjavíkur (kafli 3).
1.3	„Vegagerð við Þríhnúkagíg. Til að koma þeim gríðarlega fjölda ferðamanna að Þríhnúkagíg, sem Þríhnúkar ehf hyggjast draga til sín, þarf að leggja veg að gígnum. Þær hugmyndir sem kynntar eru í deiliskipulagsverkefninu vekja mikla athygli og benda til þess að forsvarsmenn Þríhnúka ehf og þeir sem komið hafa að skipulagsvinnu þekki lítt til á svæðinu. Þannig vill til að veglínur eru	Tillagan að veglínu til skoðunar í skipulagslýsingu, svokölluð B2, byggir á niðurstöðu matsskýrslu um aðgengi að Þríhnúkagíg, dags nóvember 2012, og áliti Skipulagsstofnunar dags. 28.12.2012. Sú leið fer um 0,5 km um Strompahraun, raskar ekki fornleifum og er ætlað að sneiða hjá hellum. Í deiliskipulagsvinnu verður litið til ábendinga um möguleg áhrif á hellakerfið og unnið

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

	við Þríhnúkagíg. Fyrirtækjarekstur virðist í forgangi.“	
1.7	Almannaréttur: Gagnrýni hefur komið fram vegna þeirra hugmynda að afhenda eitt mesta náttúruundur landsins, sem staðsett er á þjóðlendu, einkafyrirtæki til rekstrar. Þar með væri þessi þjóðareign komin í umsjón einkaaðila. Aðgengi almennings, sem hyggst skoða náttúruperluna án þess að valda óafturkræfu raski, yrði lokað. Í athugasemd er bent á bréf SAMÚT til Skipulagsstofnunar í september 2012, þar sem segir að „Samút telja að ekki eigi að ráðstafa svæðum innan þjóðlendna til einkafyrirtækis sem fái við það einokunaraðstöðu til að selja aðgang að viðkomandi svæði.“ „Þær framkvæmdir og sá rekstur sem fyrirhugaður er á vegum Þríhnúka ehf. takmarkar frjálsa för almennings þar sem aðgengi er bundið því að kaupa ferð hjá aðila í einokunaraðstöðu. Slíkar takmarkanir eru ekki réttlætanlegar á landi í þjóðareign og brýnt að almannaréttur sé án undantekninga á Þjóðlendum.“	Samkvæmt lögum um þjóðlendur nr. 58/1998 er það á hendi sveitarfélags að veita leyfi til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu. Verði nýtingin til lengri tíma en eins árs þarf jafnframt samþykki forsætisráðherra. Í deiliskipulagi og væntanlegu nýtingarleyfi þjóðlendu mun Kópavogsbær leggja áherslu á að almenningi verði ávallt heimil för um landið (skipulagssvæðið). Grundvallarhugmynd framkvæmdar felur í sér að opna fyrir aðgengi almennings að gígnum sem ekki er til staðar í dag. Áform fela ekki í sér takmarkanir á aðgengi að landi nema hugsanlega hvað varðar gígopið sjálft, og þá eingöngu vegna öryggissjónarmiða. Það eru þrjár viðurkenndar aðferðir til að verja viðkvæma hella. Í fyrsta lagi leynd, öðru lagi lokun og aðgengisstýring og í þriðja lagi lokun og gera helli að sýningarhelli og koma honum í rekstur.
1.8	Í athugasemd er bent á að „aðrir hellar svo sem Raufarhólshellir henta mun betur til að sýna ferðamönnum innviði íslenskra hella. Þar má t.d. setja upp afturkræfa aðstöðu sem gæti tekið á móti fjölda ferðamanna án þess að valda óbætanlegu tjóni.“	Skipulagslýsing fjallar um skipulagssvæðið umhverfis Þríhnúkagíg, sem er innan stjórnsýslumarka Kópavogsbæjar.

2 Vegagerðin

Vegagerðin gerir ekki athugasemd við skipulagslýsinguna.

3 Orkuveita Reykjavíkur

	UMSAGNIR OG ATHUGASEMDIR:	***VIÐBRÖGÐ:***
3.1	„Í 44. gr. samþykktar um vatnsverndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnafjarðarkaupstaðar nr. 55 frá 19. júní 2015 er tekið fram að rekstraraðili áformaðrar framkvæmdar sem fyrirhuguð er á fjarsvæði vatnsverndar styðji við þá starfsemi sem fyrir er á svæðinu *„og að engin hætta sé á mengun grunnvangs vegna framkvæmdar eða reksturs*“. OR er ekki kunnugt um að rannsóknir á borð við þær sem að framan greinir hafi farið fram. Því telur fyrirtækið nauðsynlegt að Kópavogur sem handhafi skipulagsvalds á svæðinu þurfi að gangast við slíkum	Við gerð skipulagslýsingar var byggt á rannsókn og athugunum ÍSOR (2007 og 2012), heildarendurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu og nýrri samþykkt um vatnsverndarsvæði vatnsbóla. Kópavogsbær telur það skilyrði fyrir allri uppbyggingu á svæðinu að menga ekki vatnsból höfuðborgarsvæðisins og hefur því sett hagsmuni vatnsverndar í forgang. Miðað við fyrirliggjandi gögn er niðurstaðan sú að ekki er líklegt að opnun Þríhnúkagígs valdi mengun á grunnvatni og vatnsbólum. Hins vegar telur Kópavogsbær rétt, m.a. í samræmi við ábendingar frá SSH, OR, heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

	ökutækja um vatnsverndarsvæði gengur þvert á hagsmuni vatnsverndar. Uppbygging á verndarsvæðum ætti þess vegna að miða að því að draga úr slíkri umferð en koma fyrir áningarstöðum í jaðri þeirra."	niðurstöðu skýrslu ÍSOR, fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum og þar sem leitast verður við að gæta varúðar við allar framkvæmdir og starf sem fram fer á svæðinu, lagði Kópavogsbær fram skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag, þar sem að hverfandi líkur séu á að framkvæmdin muni hafa í för með sér neikvæð áhrif á vatnsból höfuðborgarsvæðisins. En að teknu tilliti til fram kominna umsagna er lagt til að ráðist verði í frekari greiningu vegna vatnsverndarmála eins og kemur fram að ofan.
3.2	„Í áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Þríhnúkagígs frá 28. desember 2012 kemur fram á bls. 23: *Skipulagsstofnun tekur undir að mikilvægt sé að óvissu um mengunarhættu á vatnsverndarsvæði þurfi að lágmarka til þess þurfa að fara fram nauðsynlegar rannsóknir. Stofnunin telur að framkvæmdaraðili sem hér á hlut að máli hafi uppfyllt þær kröfur sem hæft sé að gera til hans í því efni. Frekari rannsóknir verði eðli málsins samkvæmt liður í þekkingaröflun sveitarfélaganna um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins"*	Álit Skipulagsstofnunar kom fram áður en farið hafði fram heildarskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu. Heildarendurskoðun hefur farið fram og birt í skýrslu stýrihóps um skipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu (Vatnaskil, febrúar 2015). Í heildarendurskoðun var gert ráð fyrir starfsemi við Þríhnúkagíg og umferðar.
3.3	Í skýrslu stýrihóps um skipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu frá mars 2014 er mælt með tilteknum rannsóknum sem styrkt gæti vísindalegar niðurstöður vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu. Þeirra á meðal eru nýjar borholur og mælingar á Bláfjallasvæðinu. Í athugasemdum OR við SSK 2015-2040. dags. 22.4.2014 lýsir fyrirtækið sig reiðubúið til að taka þátt í þeim rannsóknum sem um ræðir. Í athugasemdum OR að tillögu ask Kópavogs 2012-2024 dags. 20. september 2013 segir m.a. á bls. 4: *Eins og ítrekað hefur komið fram hjá OR eru fyrirhugaðar framkvæmdir við Þríhnúkagíg á ákomusvæði vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins og kalla á tilheyrandi vegagerð, umferð og starfsemi auk þess að samlegðaráhrif með öðrum núverandi framkvæmdum á Bláfjallasvæðinu.* *OR leggur áherslu á að það sé hvorki tímabært né ásættanlegt að setja nú fram stefnu um um uppbyggingu ferðaþjónustu við Þríhnúka í aðalskipulagstillögu þar sem hún byggir ekki á traustum vísindalegum grunni (vantar m.a. borholur til að styrkja grunnvatnslíkan höfuðborgarsvæðisins). Heildarendurskoðun vatnsverndar er ekki lokið og mikilvægt að niðurstöður hennar*	Vísað er í viðbrögð við athugasemd nr. 3.1.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

4.1	Ekki er fjallað um fornleifar í lýsingunni og fornleifar eru ekki taldar upp meðal umhverfisþátta og undirþátta sem eru til skoðunar við mat á umhverfisáhrifum skipulagsins.	Miðað við niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum var ekki talið líklegt að framkvæmd valdi áhrifum á fornleifar, því var ekki talin ástæða til að fjalla um þær sem sérstakan umhverfisþátt. Í deiliskipulagi verður fjallað og gerð grein fyrir fornleifum á skipulagssvæðinu og í nágrenni þess.

5 Náttúrufræðistofa Kópavogs

	UMSAGNIR OG ATHUGASEMDIR:	***VIÐBRÖGÐ:***
5.1	Leggja áherslu á að svæðið sé innan fólkvangs, friðlýsts svæðis til upplifunar á lítt snortinni náttúru, sem og vatnsverndarsvæðis. Mikilvægi þess að virða tilgang þessara friðlýsinga má ekki undir neinum kringumstæðum vanmeta.	Sjá viðbrögð við athugasemd Jóns Viðars Sigurðssonar (1.7).
5.2	Hvað varðar vatnsvernd, lagt til að vatnssöfnun verði haldið í lágmarki og áhersla lögð á að halda vatnsbólunum hreinum til langrar framtíðar.	Sjá viðbrögð við athugasemd Orkuveitu Reykjavíkur (3.1).
5.3	Við viljum leggja áherslu á samspil framkvæmda og náttúrunnar þannig að mannvirki falli sem best inn í það landslag sem fyrir er, þannig að upplifun af ferð um svæðið verði sem mest af náttúrunni með sem minnstum áhrifum af mannvirkjum. Eins og segir í síðasta atriðinu sem lagt er til grundvallar: „Gestir þurfa að geta notið „óspilltrar náttúru"". Tekið er undir það sjónarmið að Þríhnúkagígur sé valinn til að gestir fái að njóta hans undir eftirliti meðan aðrir gígar njóti strangrar verndar.	Kópavogsbær er sammála þessari athugasemd og mun kappkosta að deiliskipulagið vinni að þessu markmiði og að framkvæmdir falli sem best í það landslag sem fyrir er og að upplifun verði sem mest af náttúrunni.
5.4	„Staðhættir. Umhverfi Þríhnúkagígs einkennist af mosavöxnum hraunum, jarðmyndunum og lífríki sem er afar viðkvæmt og lætur fljótt á sjá verði það fyrir ágangi. Öll umgengni og framkvæmdir þurfa því að taka mið af því. Tekið er undir þá niðurstöðu að uppbygging í tengslum við Þríhnúkagíg geri Bláfjallafólkvang aðgengilegri til útivistar stóran hluta ársins, sérstaklega þó ef uppbygging þjónustu og bílastæða verði á Bláfjallasvæðinu en ekki við gíginn sjálfan. Fólk sem kemur á Bláfjallasvæðið en ætlar ekki að sækja gíginn heim getur þar með einnig fengið þjónustu." „Göngustígar. Samkvæmt reglum um Bláfjallafólkvang er fótgangandi fólki heimil för um allt svæðið og því má gera ráð fyrir meiri umferð þess á svæðinu en sem nemur gestum í Þríhnúkagíg. Vanda þarf til verka við stígalagningu og gæta þess að þeir falli	Unnið verður að því að draga úr umhverfisáhrifum með mótvægisaðgerðum. Þá verða gönguleiðir afmarkaðar til að stýra gangandi umferð á svæðinu og göngustígar útbúnir í næsta nágrenni gígsins til að takmarka skemmdir á gróðri. Kópavogsbær tekur undur sjónarmið um að vanda skuli til verka við gerð göngustíga. Hvað varðar gæði og hönnun eins og fram kemur í deiliskipulagslýsingu. Þar segir „[t]ryggja þarf gæði við alla hönnun, framkvæmd og rekstur" og að „[h]önnun og útlit mannvirkja byggi á sérstöðu svæðisins"

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

6 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

	UMSAGNIR OG ATHUGASEMDIR:	*VIÐBRÖGÐ:*
6.1	Umsagnaraðili segir að aðstæður geri það að verkum að umferðarslys gæti haft óafturkræf áhrif á vatnstöku.	Sjá viðbrögð við athugasemd Orkuveitu Reykjavíkur (3.1).
6.2	Umsagnaraðili bendir á að í samþykkt nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar, 72. gr. segir: „Óheimilt er að veita leyfi fyrir nýjum framkvæmdum og rekstri innan vatnsverndarsvæðisins í Bláfjallafólkvangi fyrr en fullnægjandi mótvægisaðgerðir hafa farið fram, til að lágmarka mengunarhættu vegna umferðar, að mati heilbrigðisnefndar.“ Í lýsingu á deiliskipulagsverkefni fyrir Þríhnúkagíg og nágrenni kemur ekki fram til hvaða mótvægisaðgerða muni vera gripið ef heimild verður veitt til frekari framkvæmda við Þríhnúkagíg.	Sjá viðbrögð við athugasemd Orkuveitu Reykjavíkur (3.1).
6.3	Rannsóknir þurfa að leiða í ljós hvort frekari uppbygging á svæðinu sé verjandi með tilliti til sérstöðu svæðisins og legu þess m.t.t. grunnvatnsstrauma sbr. 44. gr. ofangreindar samþykktar en þar segir m.a.: „Rekstraraðili áformaðrar framkvæmdar verður að sýna fram á að starfseminni verði ekki fundinn annar staður vegna eðlis hennar eða að framkvæmdin styðji við þá starfsemi sem fyrir er á svæðinu og að engin hætta sé á mengun grunnvatns vegna framkvæmdar eða reksturs.“ Umsagnaraðili telur að niðurstöður um vatnsvernd liggi ekki fyrir. Telur að það sé ekki fyllilega sýnt fram á að framkvæmd muni ekki hafa neikvæð áhrif á vatnsvernd.	Sjá viðbrögð við athugasemd Orkuveitu Reykjavíkur (3.1).

7 Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur

	UMSAGNIR OG ATHUGASEMDIR:	*VIÐBRÖGÐ:*
7.1	Skoða þarf staðsetningu Þríhnúkagíga miðað við Bláfjallasvæðið. Í því samhengi þarf m.a. að taka tillit til bílastæða, vatnsverndar og frárennslislagna.	Kópavogsbær er sammála þessu og er það mikilvægur þáttur í skipulagsvinnunni.
7.2	Endurbætur á Bláfjallavegi. En þar hefur verið unnið í samstarfi við Vegagerðina og ýmsar leiðir skoðaðar vegna samgangna og mótvægisaðgerða vegna vatnsverndar og aukinnar aðsóknar á skíðasvæðið í framtíðinni.	Sjá viðbrögð við athugasemd Orkuveitu Reykjavíkur (3.1).
7.3	Kanna möguleika á öðrum samgöngumáta inn á svæðið. En í því sambandi hafa mál verið skoðuð á vegum Skíðasvæðanna.	Hluti af deiliskipulagsvinnu er að skoða stýringu á umferð inn á svæðið. Í þeirri vinnu verður litið til athugana Skíðasvæðanna.

Skjal sótt af '000000000' dags: 11.11 2026

	svæðinu jarðrask nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til". Ljóst er að fyrirhuguð framkvæmd felur í sér talsvert rask á óspilltu landi sem einkennist af verðmætum jarðmyndunum, einkum hraunbreiðum og síðan gígnum sjálfum sem að mati jarðfræðinga hefur verndargildi á heimsmælikvarða. Uppbygging aðkomuvegar sem og mannvirkja nálægt gígnum – sem eru bílastæði, malbikaður göngustígur, þjónustubygging og jarðgöng að útsýnispalli inni í gígnum – munu óneitanlega auðvelda aðgengi að gígnum fyrir gesti, en einnig fela í sér umtalsverðar skemmdir á viðkvæmum jarðminjum á stóru svæði innan fólkvangs. Þar með mun verndargildi Þríhnúkagígs og nálægra jarðminja rýrast mikið. Mun það einnig hafa áhrif á upplifunargildi þeirra sem heimsækja Bláfjallafólkvang sem er jú að miklu leiti göngufólk á gönguskíðum."	

12 Umhverfisstofnun

	UMSAGNIR OG ATHUGASEMDIR:	*VIÐBRÖGÐ:*
12.1	Umhverfisstofnun tekur undir það að skoða á þrjár staðsetningar fyrir bílastæði í deiliskipulagstillögu. Að mati Umhverfisstofnunar yrði minnsta rask á hrauni og ósnortnu svæði ef valkostur nr. 2 yrði valinn og öll bílastæði skipulögð við Bláfjallaskála. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að sjónræn áhrif bílastæða (bílum og rútum á bílastæðum) verði sem minnst og bendir stofnunin á að vegur með snúningslykkju, án allra bílastæða hefði minnst sjónræn áhrif. Þá væri ferðamönnum/gestum ekið að þjónustubyggingu og aðliggjandi svæði, síðan færi rúta/raflest beint aftur á Bláfjallasvæðið.	Kópavogsbær mun styðjast við þessar upplýsingar í samanburði valkosta í skipulagsvinnu.
12.2	Fram kemur að þjónustubygging sem er áætluð, geti orðið allt að 1500 m². Áætlað er að grafa göng frá þjónustubyggingu og að gígnum og þar verði útsýnissvalir þar sem gestir geta virt gíginn fyrir sér. Að mati Umhverfisstofnunar er opnun á gígnum óafturkræf aðgerð á einstökum náttúruminjum. Umhverfisstofnun bendir á að verndargildi Þríhnúkagígs er mikið á lands- og heimsvísu, og er verndargildið mest sem ósnortinnar jarðmyndunar.	Við skoðun á möguleikum að gera gíginn aðgengilegan, m.a. í frumathugun á verkefninu og matsskýrslu framkvæmdanna, hefur verið gengið út frá því að raska gígnum sjálfum sem allra minnst. Með útfærslu jarðganga er hægt að takmarka verulega rask á gíghvelfingunni.
12.3	Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi í deiliskipulagsáætlun hvernig framkvæma á göng og opið á hvelfingunni án þess að innra byrði hvelfingar verði	Í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir aðgerðum og skilmálum vegna framkvæmda við og í gígnum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

16.2	Framkvæmdir við Þríhnúkagíg eins og þær eru kynntar kalla á gríðarlegt rask við gíginn og næsta nágrenni hans. Jarðgangagerð mun hefjast utanfrá og verður að gera ráð fyrir athafnasvæði stórvirkra vinnuvéla, losun efnis og annars umstangs sem mun fylgja. Það sem minnst fer fyrir og er gert að aðalefni þessar umsagnar er að þegar göngin fara að nálgast hellis-hvelfinguna verður að koma fyrir vinnupöllum og annarri aðstöðu ofan í hellinum til að taka á móti efni og hugsanlega afmarka staðsetningu gangamunnans í hellishvelfingunni sjálfri. Það er nánast óvinnandi vegur að sprengja eða bora síðasta spöl ganganna og láta efnið bara falla ofan í gíginn. Til að koma fyrir vélum, tækjum og vinnuaðstöðu ofan í hellinum verður að fara þá einu leið sem er fær og það er niður um op gígsins á yfirborði og má vera ljóst að af því hlýst mikið rask og skemmdir sem eru óafturkræfar. Þá er hluti af þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru að setja upp útsýnispall og stiga úr miðri hvelfingu hellisins niður á gólf hans og verður sú framkvæmd ekki gerð öðruvísi en að koma öllum búnaði og efni niður um munna hellisins á yfirborði. Á framkvæmdatímanum er ótalin sú hætta sem er af slysum vegna olíu og annarra mengandi efna sem kunna að berast í jarðveg og renna sína leið gegn um lek og gljúp jarðlög á svæðinu og spilla þannig grunnvatni sem er ein verðmætasta auðlind höfuðborgarsvæðisins.	Sjá viðbrögð við athugasemd Jóns Viðars Sigurðssonar nr. 1.1 varðandi rask. Það er ljóst að í deiliskipulagi verða settir skilmálar fyrir framkvæmdum sem snúa m.a. að því hvernig skuli haga framkvæmdum við jarðgangagerð og opnun í gíghvelfinguna. Þá er rétt að geta þess að miðað við fyrirliggjandi gögn verða ekki stórvirkar vinnuvélar í gíghvelfingunni sjálfri. Skilmálar munu snúa að nauðsyn þess að móta verklagsreglur í samráði við heilbrigðiseftirlitið um verklag og meðhöndlun mengandi efna á svæðinu til að draga úr hættu á mengun.
16.3	Mótmælir því að framkvæmdirnar séu settar fram sem hluti af verndunaraðgerðum við gíginn. Samkvæmt umsóknaraðila eru þær leiðir sem kynntar eru í deiliskipulagi eru því þess eðlis að ekki verður fallist á þær á grundvelli náttúruverndarhagsmuna, mengunarhættu og takmörkunar á almannarétti.	Viðbrögð við athugasemdum um almannarétt má sjá í viðbrögðum við athugasemd Jóns Viðars (1.7). Varðandi viðbrögð við mengunarhættu er vísað í kafla 3.1 hér að ofan.
16.4	Nauðsynlegt er að benda skipulagsyfirvöldum á þá hættu sem er fólgin í því að áform sem sótt hefur verið um leyfi fyrir og að undan er lýst, séu með meðvituðum hætti mun fráleitari og ill-vinnanlegri og séu sett fram til að geta „gefið afslátt“ og liðkað þar með fyrir því sem síðar yrði gert. Gæti það verið gert í því augnamiði að komast yfir Þríhnúkagíg og öðlast samþykki skipulagsyfirvalda og ná þannig yfirráðum yfir gígnum og hafa tögl og haldir í því að nýta með arðvænlegum og ódýrari hætti. Því má halda fram að aðrar leiðir verði því ofan á við að gera göng inn í hellinn, líklega norðan megin frá og breyta í ferðamannastað, samt sem áður með þeim afleiðingum að náttúrufyrirbærinu verður fórnað og mikil óafturkræf spjöll munu	Kópavogsbær hefur nálgast þetta verkefni af nærgætni og ávallt haft til hliðsjónar verndargildi Þríhnúkagígs, hagsmuni vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu og þeirrar ímyndar sem það felur í sér. Á undanförnum 12 árum hefur verið aflað margvíslegra gagna um möguleg áhrif, aðgerðir til að draga úr áhrifum og mögulegar útfærslur á framkvæmd. Byggt á þessum gögnum og áliti fagstofnana, telur Kópavogsbær rétt að vinna deiliskipulag, sem skilgreini enn frekar þær kvaðir sem þurfi að fylgja ef gera eigi Þríhnúkagíg aðgengilegan án þess að ganga á hagsmuni vatnsverndar og náttúruverndar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

	landnotkun hafi ekki neikvæð áhrif á vatnsvernd á svæðinu. Umsagnaraðili telur að ekki séu fyrir hendi nauðsynlegar forsendur til að halda áfram undirbúningi deiliskipulags Þríhnúkagígs þar sem ekki séu fullnægjandi rannsóknir fyrir hendi.	

19 Björn Guðmundsson

	UMSAGNIR OG ATHUGASEMDIR:	*VIÐBRÖGÐ:*
19.1	Hreint neysluvatn höfuðborgarsvæðisins er ómetanleg auðlind. Þríhnúkagígur er í aðeins 10 km loftlínu frá vatnsbólum Reykvíkinga. Vatnið berst þangað með grunnvatnsstraumum frá Bláfjallasvæðinu svo öll starfsemi þar felur í sér hættu fyrir vatnsbólin. Vegna þessa hafa borgaryfirvöld velt fyrir sér hvort forsvaranlegt sé að reka skíðasvæði í Bláfjöllum þar sem gestafjöldi er á bilinu 35.000-50.000 á ári. Þríhnúkar ehf ætla hins vegar að flytja a.m.k. 500.000 gesti í Þríhnúkagíg eftir 10 ár. Við þetta myndi mengunaráhætta á svæðinu margfaldast og eingöngu vegna gróðafíknar nokkurra einstaklinga. Slíkt er fullkomlega óásættanlegt og stjórnmálamenn sem samþykkja slíkt eru að þjóna gróðafíkn fáeinna einstaklinga í stað þess að vernda vatnsauðlind meira en 100.000 manna. Orkuveita Reykjavíkur hefur umsjón með vatnsvernd vegna kaldavatnslindanna og leggst alfarið gegn áformum um uppbyggingu við Þríhnúkagíg. Sú ábyrga afstaða ætti að duga til að menn hætti við að þjóna gróðasjónarmiðum Þríhnúka ehf.	Sjá viðbrögð við athugasemd Orkuveitu Reykjavíkur (3.1). Hluti af deiliskipulagsvinnu er að móta skilmála við rekstur Þríhnúkagígs, sem getur falið í sér að marka stefnu um stýringu gestafjölda inn á svæðið. Sú ákvörðun þarf að byggja á ákveðinni þolmarkagreiningu og áhættugreiningu vatnsverndarmála.
19.2	Áætlaður vegur frá Bláfjöllum að Þríhnúkagíg (veglínur B1 og B2, sbr. Frummatsskýrslu, júlí 2012) fer um verðmætt útivistarsvæði þar sem njóta má kyrrðar og friðar sumar sem vetur. Á vetrum er þetta mjög vinsælt gönguskíðasvæði þar sem menn geta komist út fyrir skarkalann við skíðalyfturnar í brekkunum. Það er mjög dýrmætt að eiga slíkt svæði aðeins steinsnar frá höfuðborgarsvæðinu og verðmæti þess að halda svæðinu ósnortnu munu aukast eftir því sem tímar líða. Vegalagning um svæðið og sú mikla umferð sem um þann veg er áformuð eyðileggur það sem útivistarsvæði. Skeytingarleysi Þríhnúka ehf fyrir náttúrunni þarna endurspeglast ennfremur í því að þeir vilja leggja bílveg yfir merkilega hraunhella í Strompahrauni skammt vestan Bláfjalla. "Aðkomuvegur að Þríhnúkagíg klýfur sléttuna austan Þríhnúkagígs, raskar lítt snortnu landi og nútímahrauni sem nýtur verndar skv náttúruverndarlögum. Vegurinn	Hvað varðar aðkomuveg má sjá viðbrögð við athugasemd Jóns Viðars (1.3) og Sigurðar (16.4). Hvað varðar skerðingu á útivistarsvæði nær skerðing á útivistarsvæði til lítils landsvæðis. Áform fela ekki í sér takmarkanir á aðgengi að landi nema hugsanlega hvað varðar gígopið sjálft, og þá eingöngu vegna öryggissjónarmiða. Þá er aðkomuvegur og bílastæði opið þeim sem vilja og taka ekki upp stórt landsvæði á svæðinu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

	við það einokunaraðstöðu til að selja aðgang að viðkomandi svæði. Marka þarf skýrar almennar reglur um þjóðlendur sem hafi það að markmiði að einstakir fossar, fjallstindar, hellar og aðrir eftirsóttir staðir á þjóðlendum séu opnir almenningi og umferð og aðgengi sé ekki bundin við einstakt fyrirtæki þar sem slíkt geti falið í sér n.k. einkavæðingu viðkomandi landsvæðis og það lokist öðrum en þeim sem greiði viðkomandi fyrirtæki uppsett verð fyrir aðgengi. 2 Takmörkun á almannarétti: Þær framkvæmdir og sá rekstur sem fyrirhugaður er á vegum Þríhnúka ehf. takmarkar frjálsa för almennings þar sem aðgengi er bundið því að kaupa ferð hjá aðila í einokunaraðstöðu. Slíkar takmarkanir eru ekki réttlætanlegar á landi í þjóðareign og brýnt að almannaréttur sé án undantekninga á Þjóðlendum. Niðurstaða: Samtök Útivistarfélaga telja brýnt að settar verði skýrar reglur um ráðstöfun landsvæða á þjóðlendum og þar verði almannaréttur í heiðri hafður.	
19.5	Gerir athugasemd við að framkvæmdin sé sett fram sem aðgerð til náttúruverndar. Að bora jarðgöng inn í Þríhnúkagíg felur í sér óafturkræf náttúruspjöll á einstæðu náttúrufyrirbæri. Slíkt á auðvitað ekkert skylt við náttúruvernd. Forsvarsmenn Þríhnúka ehf sigla undir fölsku flaggi með því að halda því fram að fyrirhuguð náttúruspjöll séu náttúruvernd; málflutningurinn er sérlega ófyrirleitinn. En með þessum málflutningi hefur þeim tekist að slá ryki í augu almennings og ekki síst þó stjórnmálamanna. Það sannast á því hversu langt þetta mál hefur fengið að þróast. Nema svo sé í pottinn búið að stjórnmálamönnum þyki mikilvægara að fórna náttúruperlu fyrir gróðabrall einstakra manna en að vernda hana.	Kópavogsbær vísar í viðbrögð við athugasemd Jóns Viðars (1.1, 1.6, 1.7), og Sigurðar (16.2 og 16.4).

Skjal sótt af '000000000' dags: 11.11 2026